

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur sett, með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, setja.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

Nr. 474

AUGLÝSING

18. nóvember 1986

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð fasteigna á landinu öllu hækki um 23% og verði framreikningsstuðull samkvæmt því 1,23.
2. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
3. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1985, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftareglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærnum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1986.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 431 20. nóvember 1985.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Björn Hafsteinsson.